

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, Skarð I og II, Sandlækur, Hraunvellir, Mörk og Þjórsárholt.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. mars 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, frá 6. apríl 2006.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Skarð I og II: Um 100 ha landbúnaðarsvæði breytist í svæði fyrir frístundabyggð.
2. Sandlækur: Um 57,5 ha landbúnaðarsvæði breytist í svæði fyrir frístundabyggð og opið svæði til sérstakra nota.
3. Hraunvellir úr landi Ólafsvalla: Frístundabyggðarsvæði minnkar úr 72 ha í 66 ha og landbúnaðarsvæði stækkar sem því nemur.
4. Mörk úr landi Kílhrauns: Svæði fyrir frístundabyggð minnkar úr 54 ha í 8 ha og landbúnaðarsvæði stækkar sem því nemur.
5. Þjórsárholt: Um 16,7 ha landbúnaðarsvæði breytist í svæði fyrir frístundabyggð.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 9. mars 2007.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 13. apríl 2007